

Nd. 457. Frumvarp

til laga um viðbótar-tekju- og eignarskatt.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

1. gr.

Tekju- og eignarskattur álagður 1933 innheimtist með álagi samkvæmt
2. gr. þessara laga.

2. gr.

Tekjuskattur að upphæð	22 kr. að	72 kr.	innheimtist með	40% álagi.
—	—	72	—	— 50% —
—	—	162	—	— 60% —
—	—	292	—	— 70% —
—	—	462	—	— 80% —
—	—	922	—	— 100% —
Eignarskattur innheimtist með 150% álagi.				

3. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni með reglugerð að ákveða fleiri en einn gjalddaga á skatti samkvæmt lögum þessum og lögum nr. 74 27. júní 1921 og breytingum á þeim, ennfremur að skylda kaupgreiðendur til þess að halda eftir og skila í ríkissjóð upp í skattgreiðslur manna hluta af kaupi þeirra, sem nægir fyrir skattgreiðslunni. Er ríkisstjórninni heimilt að láta gera sérstök skattmerki til notkunar við innheimtu skattsins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðastliðnu ári var tekju- og eignarskattur innheimtur með 25% álagi. Vegna ríkisrekstrarins sjálfs verður ekki hjá komizt áþekkri hækkun, en vegna væntanlegra kreppuráðstafana verður enn að auka álagið, og hefir þá þótt réttlátast að láta skattaúkann fara stighækkandi eftir því sem tekjurnar hækka. Landbúnaður og sjávarútvegur munu lítinn tekjuskatt bera fyrir síðastliðið ár, og því minni hætta á, að allverulegur skattaúki á þessu ári standi aðalatvinnuvegunum fyrir þrifum.

Frv. er flutt að ósk fjármálaráðherra.